

**Nd.**

**761. Breytingartillögur**

[123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (PP, HBI, StG, EH).

1. Við 43. gr. 3. mgr. orðist svo:

Framkvæmdalán skulu veitt með sömu kjörum og lán skv. 57. gr. Verðbætur teljast til byggingarkostnaðar.

2. Við 47. gr. 1. mgr. orðist svo:

Pegar íbúð er fullgerð skal stjórn verkamannabústaða gera upp byggingarkostnað en Húsnæðisstofnun staðfesta með úttekt sinni. Stjórn verkamannabústaða fær síðan kaupanda í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni enda hafi kaupandi undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur sem honum ber að inna af hendi.